



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 13. maí 2019

USK2019010060

5.10

Borgarráð

Götulýsing 2019.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að fara í framkvæmdir vegna gatna- og umhverfislýsingar 2019.

Kostnaðaráætlun 2 vegna verkefna ársins 2019 er 530 mkr.

Áætlaður framkvæmdatími er júlí - desember 2019.

Greinargerð:

Um er að ræða annars vegar verkefni vegna LED væðingar á gatna- og stígalýsingu í hverfum. Þar er eldri ljósbúnaði skipt út fyrir orkusparandi LED lýsingabúnað.

Hins vegar er um að ræða verkefni á opnum svæðum, göngustígum, almenningsrýmum, gangbrautarlýsing o.fl.

Endurnýjun á ljósbúnaði fer fram í samræmi við hugmyndafræði Snjallborgar m.t.t. tengimöguleika vegna frekari snjallvæðingar borgarinnar.

Faglegur undirbúningur vegna ljósvistarstefnu hefur verið í vinnslu frá 2017 og stofnaður hefur verið starfshópur vegna útgáfu ljósvistarstefnu.

Helstu verkefni ársins 2019 eru:

- Fossvogur, nýr ljósbúnaður (2200 lampar).
- Breiðholt, nýr ljósbúnaður (2100 lampar).
- Laugardalur, Lýðveldisgarður, Arnarhóll, Ingólfstorg. Endurbætur og endurnýjun lýsingar.
- Gangbrautarlýsing, ýmsir staðir. Endurbætur og endurnýjun lýsingar.
- Göngustígar, ýmsir staðir. Endurbætur og endurnýjun lýsingar.
- Samvinnuverkefni með Veitum, ýmsir staðir. Endurbætur og endurnýjun lýsingar.

Þá verður haldið áfram vinnu við gerð ljósvistarSKIPULAGS og almennra leiðbeininga um lýsingu í borginni. Álagsprófaðir verða um 250 ljósastaurar.

Framkvæmdirnar mynda stofn til gatnaleigu.

Kostnaðaráætlun 2 vegna verkefna ársins 2019: 530 mkr.

Kostnaðarstaður: 3106 (verknr. 30633) 380 mkr. Götulýsing. LED væðing.

Kostnaðarstaður: 3108 (verknr. 30814) 150 mkr. Götulýsing, endurnýjun.

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds